

Hugsum oss X-geisla Röntgen's og uppfinndingu Marconi's, er hvorttveggja virtist alveg ómögulegir hlutir nú fyrir nokkrum árum. Hugsum oss það, og verum svo nógu ærlegir í oss, að játa, að til sé hlutir, er sé langt fyrir ofan vorn skilning, að það sé ekki ómögulegt, að það, sem oss var hulið í gær, verði oss opinbert á morgun.

Stærsti óvinur allra framfara er ótrúin á öllu því, sem nýtt er, og viljaleysið, til að vilja bæta nokkru við þá þekkingu, er heimurinn hefir þegar öðlast.

Hverju trúir þú?

Eftir

B. LYNGHOLT.

ENGINN maður, sem kominn er til vits og ára, leggst svo í gróf sína á þessum síðustu tímum— tíma hinnar rannsakandi þekkingar, að ekki einhvern tíma fyr eða síðar mæti honum þessi spurning: „Hverju trúir þú?“ Stundum kemur þessi spurning „eins og skollinn úr sauðarleggnum“ beint framan að mönnum af vörum óhlutvandra manna, sem eins og gjöra sér það að daglegri iðju, að vekja stefnulausar trúarbragðastælar, hvar og hvenær sem þeir fá því við komið. Stundum kemur hún eins og „rödd af himni“ beina leið frá prédikunarstólunum, sem hinir ýmsu trúflokkar hafa reist meðal mannanna barna, og ryður sér braut inn að hugsana og tilfinninga lífi mannsins. — Stundum kemur hún eins og óákveðið sjúkdómseinkenni innan um dagdóma þessara andlegu „tilbera“, er allt af eru að snuðra í kringum sálarlíf einstaklingsins, og leitast við að telja honum trú um, að hann sé annað, heldur en hann í raun og veru er. Stundum kemur þessi spurning frá manninum sjálfum, innan að frá hugskoti hans— lengst innan úr djúpi hins leitandi og rannsakandi mannsanda, sem ekki gjörir sig ánægðan með eintóman vana, staðhæfingar byggðar í lausu lofti, eða kreddur og öfgar þeirra erindreka trúarbragða félaganna, sem annað hvort eru að halda í gömul, úrelt og löngu dauð trúarbragða látalæti, eða hinna, sem eru að hruga upp Babels-turnum trúfræðislegra ný-